

## **Ályktun 42. þings BSRB um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn**

BSRB mótmælir kröfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) þess efnis að skilyrði fyrir lánveitingum sjóðsins sé að jafnvægi verði náð í ríkisfjármálum á næstu þremur árum. Telur bandalagið kröfuna aðför að almannajónustunni og velferðarþjóðfélaginu. Óbætanlegt tjón mun hljóta af niðurskurði velferðarsamfélagsins. BSRB krefst þess að skilyrðin verði endurskoðuð og ekki gengið svo hart fram að skaði hljóti af.